16. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025 - 2026
30. mars 2025 kl. 17:00
Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB) og Hákon Leifsson (HL).

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2025

Kynning og umræður um ársreikning félagsins 2025. Ársreikningur er samþykktur samhljóða.

Ýta á frambjóðendur að senda póst á skrifstofu um framboð til stjórnar.

3. Reiðskólar

Umræða og kynning á drögum að nýjum samningi við reiðskólana. HS og EG er falið að hitta forsvarsmenn reiðskólana og kynna þeim samninginn.

4. Hreinsunardagur

Hreinsunardagur Fáks verður þriðjudaginn 5. maí. EG er falið að auglýsa á heimasíðu félagsins.

5. Stórsýning Fáks

Stórsýning Fáks gekk vel og var ánægja meðal gesta. HS og RÁS hafa sett saman lista yfir verkefni sem ber að hafa í huga fyrir næstu sýningu. Ákveðið er að sýningin verði 10. apríl 2027 og er það breyting frá síðasta fundi.

6. Almannadalur

HS upplýsti að búið væri að kvarta yfir embættisfærslum byggingarfulltrúans í Reykjavík í Almannadal til embættis Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Slökkviliðið er í yfirferð á svæðinu.

7. Tvöföldun suðurlandsvegar - umsögn skipulagsfulltrúa

HS fór yfir svör skipulagsfulltrúans í Reykjavík um þæt athugasemdir sem gerðar voru við deiliskipulag Suðurlandsvegar. Var ágætlega tekið tillit til þeirra athugasemda sem Fákur gerði við skipulagið.

8. Viðrunarhólf

Auglýsa skal eftir umsóknum um viðrunarhólf fyrir 10. apríl. EG er falið að auglýsa á vefsíðu félagsins.

9. **Önnur mál**
    a. **Rekstrardagatal -** Skoða fyrirkomulag bókana í rekstrardagatalið á næsta ári. Skoða það að birta færri vikur í senn til að fyrirbyggja sömu aðilarnir geti fest sér tíma marga mánuði fram í tímann.

Fundi var slitið kl. 18:15.